



19. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 19. ágúst 2024 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL) Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH), Ágúst Angantýsson (ÁA), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK)

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðuðu Lárus Blöndal annar varaformaður og Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK) og Jón Bender (JB).

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Það á eftir að senda fundargerðina á stjórn – verður send með fundargerð þessa fundar og svo birt á kki.is.

2. Yfirferð frá framkvæmdastjóra á verkefnum frá síðasta stjórnarfundu

HSJ fór yfir stöðuna á ýmsum verkefnum/málum frá síðasta stjórnarfundu en eins og ávallt er mikið um að vera yfir sumartímann í landsliðsmálum og undirbúningi fyrir komandi keppnistímabil.

Í sumar verða verða spilaður 79 landsleikur á tímabilinu 24. júní-24. ágúst hjá U20, U18 U16 og U15 liðum okkar. Þegar þetta er ritað eru öll lið búin með sín mót nema U16 stúlkur sem eru á EM í Tyrklandi og eiga eftir að spila fjóra leiki.

Samkvæmt reglugerð á keppnistímabilið að byrja 1. september en það eru félög sem vilja spila fyrstu leiki sína í 31. ágúst þar sem það er laugardagur og óskar mótastjóri eftir því að stjórn samþykki að tímabilið hefjist 31. ágúst og er það samþykkt.

Stjórn samþykkir þá breytingu á reglugerð um félagaskipti að þau þurfi að berast fyrir kl. 15:00 á virkum dögum og taki gildi á miðnætti en ekki samdægurs eins og verið hefur.

3. Framtíðarsýn

ÁA fór yfir vinnuna sem hefur verið unnin við framtíðarsýn, góðar umræður og ákveðið að vinna málið áfram eins og ÁA leggur upp með.

4. Sex mánaða uppgjör

Sex mánaða uppgjör lagt fram.

5. Fundir með félögunum 30. og 31.ágúst (formanna-, Bónusdeildar-, unglingaráðsfundur)

Dagskrá verður með hefðbundnu sniði fyrir upphaf keppnistímabils en farið verður yfir ýmislegt sem tengist mótahaldinu, afreksmálum og farið yfir stöðuna á vinnu við framtíðarsýnina og leyfiskerfi.

6. Önnur mál

Næsti fundur verður mánudaginn 2. sept kl. 17:00.

Fundi slitið 19:00